




Metótrexat lyfjagjöf undir húð

Leiðbeiningar fyrir foreldra / forráðamenn



Hvernig á að gefa metótrexat - skref fyrir skref:

Metótrexat er ónæmisbælandi lyf sem er m.a. notað við gigt. Við meðferð á barnagigt og öðrum gigtarsjúkdómum getur það verið mjög hjálplegt vegna þess að það dregur úr bólgum. Lyfið þarf að geyma á öruggum stað.



Mjög mikilvægt er að geyma lyfið þar sem börn ná ekki til.

Vinsamlegast athugið eftirfarandi:

- Ef þú ert barnshafandi, telur þig vera það eða ert með barn á brjósti er ráðlagt að þú sjáir ekki um lyfjagjöfina eða komir nálægt lyfinu.
- Metótrexat þarf að geyma við hitastig undir 25°C.
- Tryggðu að lyfið sé geymt þar sem börn ná ekki til.
- Ef sprauta/penni brotnar og lyfið rennur úr, vísast í kaflann um óhöpp síðar í þessum leiðbeiningum.
- Sé útlit lyfsins öðruvísi en venjulega, þ.e. efnið skýjað eða annað óeðlilegt að sjá, skal ekki nota það.
- Metótrexat er gefið undir húð annaðhvort með sprautu eða penna. Best er að sprauta lyfinu á svæði þar sem húðfita er ríkuleg, þ.e. læri, mjaðmir, kvið eða upphandleggi. Mælt er með að stinga ekki alltaf á sama stað til að koma í veg fyrir eymsli og aðra fylgikvilla af stungum.
- Gefðu ávallt nákvæmlega þann skammt sem ákveðinn hefur verið af lækni barnsins þíns.

Hvaða áhöld þarf að taka til?

Taktu til öll áhöld og hafðu þau tilbúin þar sem þú ætlar að vinna. Þau áhöld sem þú þarft eru:

- Sprautan/penninn með lyfinu
- Bómullarhnoðrar
- Spritt (fæst í apóteki)
- Þerripappír
- Gul förgunarflát fyrir oddhvassa hluti sem fást í apótekum




Undirbúningur lyfjagjafar:

1. Lestu á umbúðir til að staðfesta rétt lyf og lyfjaskammt. Nafn barns á að standa á umbúðum og fyrningardagur lyfs. Ef eitthvað stemmir ekki skaltu ekki nota lyfið.
2. Þvoðu yfirborð vinnusvæðis með sápu og vatni og láttu það þorna. Settu þerripappír á borðið sem undirlag fyrir bómullarhnoðra, spritt og lyfið.
3. Þvoðu hendur með sápu og vatni.

Methotrexategjöf undir húð

1. Metótrexat er gefið einu sinni í viku.
2. Veldu svæði til að sprauta .
3. Sóttreinsaðu húðina með spritti og láttu þorna.
4. Fjarlægðu hettuna af nálinni/pennanum.
5. Taktu varlega um húðina með vísifingri og þumalfingri þar sem stungið verður.
6. Haltu sprautunni hornrétt miðað við húðina, stingdu nálinni djúpt undir húð, tæmdu sprautuna og dragðu nálina út.
7. Ef þú ert með penna skaltu halda honum hornrétt, þrýsta honum þétt að húðinni og ýta á hnappinn.



RRK '16

8. Þrýstu létt á stungustað með bómull og settu plástur á.
9. Hentu strax bæði nál og sprautu í förgunarílát fyrir oddhvassa hluti.
10. Gakktu frá öllum áhöldum og þvoðu hendurnar vel með sápu og vatni.

Ef óhapp verður:

Methotrexate á húð:

Þvoðu svæðið með sápuvatni. Ekki skrúbba húðina því hún hefur náttúrulega vörn. Hafðu samband við bráðamóttöku barna ef húð roðnar, blaðra eða bólga myndast og hjaðnar ekki innan tveggja klukkustunda.

Ef þú færð metótrexat í auga:

Skolaðu augað ríkulega með volgu vatni. Hafðu samband við bráðamóttöku ef einhver vandamál verða, t.d. roði í auga og verkur sem ekki lagast á 30 mínútum.

Ef lyfið rennur úr sprautu á yfirborðsfleti svo sem borð, gólf eða ísskápshillu:

Vertu í hönskum. Þurrkaðu lyfið upp með þerripappír og settu í förgunarílát fyrir oddhvassa hluti. Þvoðu svæðið með sápuvatni. Hafi lyfið komist í mat þarf að henda honum.

Ef lyfið fer í fötin:

Skiptu um föt og þvoðu þau.

Heimildir:

The Newcastle upon Tyne Hospitals. NHS Foundation Trust. *How to give Methotrexate by injection- a step by step guide for parents*. July 2015.

Methotrexate teaching package: The princess Alexandra Hospital. Sótt af veraldarvefnum 11. mars 2015 af síðunni <http://www.pah.nhs.uk/files/METHOTREXATE-web.pdf>



ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI, KVENNA- OG BARNASVIÐ FEBRÚAR 2017

TEKIÐ SAMAN AF:
SÓLRÚNU W. KAMBAN HJÚKRUNARFRÆÐINGI

YFIRFARIÐ AF:
BARNAGIGTARTEYMI BARNASPÍTALA HRINGSINS, JANÚAR 2017

ÁBYRGÐ:
YFIRLÆKNIR OG DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR BARNASPÍTALA HRINGSINS

LJÓSMYNDIR:
ÞORKELL ÞORKELSSON

TEIKNINGAR:
RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR KAMBAN

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD LSH